

Fundur TKÍ

Reykjavík 26.06.2014

Fundur settur 17.30

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar

Mættir eru Kolbrún, Örn, Vania, Eduardo, Hlynur, Margrét og María.

Formaður mælir með Eduardo sem varaformanni, Margréti sem gjaldkera og Maríu sem ritara. Samþykkt með meirihluta atkvæða.

Skrifað var undir þagnareið og skrifuðu allir undir nema tveir.

Umræða var um orðalag þagnareiðsins og var ákveðið að skilningur hans sé „að ekki sé rætt um einstakar persónur eða þeirra málefni“ útávið. Samþykkja stjórnarmenn þetta með undirritun sinni.

Farið var yfir skipurit/verksvið stjórnarmanna sem að Kolbrún lagði fram á fundinum og lýsir hlutverki stjórnarmanna.

Stjórnarmenn samþykkja með undirritun sinni á fundargerð, að þeir gangist við ábyrgð m.a.v. verklýsingu sem að við á m.a. þeirra stöðu innan TKÍ.

Ákveðið var að ekki yrðu sendir keppendur á HM cadet í Aserbajjan 2014 vegna mikils kostnaðar. Samþykkt einróma.

Rætt um að hafa lengri aðdraganda að þátttöku í mótum o.s.frv. m.tt. til að hægt sé að fá hagstæðari fargjöld.

Talað um að stofna til fyrirtækjaviðskipta við Ícelandair til að fá betri kjör, 5% endurgreiðslu og önnur hlunnindi sem að í því geta falist.

Samþykkt að senda Kristmund og Ingibjörgu, ásamt þjálfara á U-21 í Austurríki. Samþykkt einróma.

Samþykkt að Vania taki að sér að sjá um að bóka og skipuleggja ferðir á vegum TKÍ, í samráði við gjaldkera og formanns TKÍ.

Staða landsliðsþjálfara í póomse rædd.... Fyrri stjórn hafði verið að ræða samning við nýjan landsliðsþjálfar. Ný stjórn ræddi kosti og galla þessa o.fl. hvernig best væri að greiða honum m.tt. gjaldeyrishafta.

Ákveðið að yfirfara samninginn m.tt. að hann uppfylli öll skilyrði TKÍ varðandi kostnaðarliði o.fl. tryggingamál, dagpeninga, ekki sé greitt fyrir auka persónu o.s.frv. að ekki séu greiddir dagpeningar á Íslandi, heldur einungis á erlendum mótum. Hlynur les samninginn yfir samninginn m.tt. til lagfæringa. Samningurinn samþykktur með fyrrgreindum fyrirvörum

Rætt um stöðu landsliðsþjálfara í kyorygi, Meisam. Rætt um að Meisam vilji halda sig við samning sem að gerður var í mars 2012 en ekki þann verktakasamning sem að eldri stjórn bauð honum. Rætt um lausnir á málinu. Málið var óuppgert af fyrri stjórn.

Rætt um að fá lögfræðialit um málið frá ÍSÍ o.s.frv.

Hlynur mælir með að fenginn verðir sérfræðingur í samningarétti en samþykkt að byrjað verði að fara með málið hjá ÍSÍ til ráðgjafar.

Rætt um reikning sem að fyrri stjórn TKÍ barst frá Arnari Bragasyni er varðar æfingar sem að hann tók fyrir Meisam. Enginn samningur á milli Arnars og TKÍ um slíka verktöku og því enginn greiðsluskylda hjá TKÍ gagnvart Arnari.

Rætt um að fráfarandi gjaldkeri og nýkosinn gjaldkeri hafi skipti á prókúrrétti við banka o.þ.h. sem og að nýr gjaldkeri sækji um nýtt greiðslukort á sínu nafni f.h. TKÍ.

Enn er unnið í dagatali fyrir næsta tímabili og að haldnir verði fundir hjá TKÍ, en beðið er eftir að ákveða nákvæma tíma- og dagsetningu þegar að nánari tímaplan stjórnarmeðlima liggur fyrir.

Rætt um að dagsetja pantanir við DaeDo o.þ.h. til að koma á reglu um pantanir og auðvelda umsýslu um pantanir og búnað. Nánar rætt með haustinu.

Rætt um hvernig að hægt sé að fá styrki í TKÍ.... rætt um aðferðir o.fl.

Umræðu um bikar- og íslamdsmeistaramót frestað.

Rætt um að hafa workshop í 21 ágúst.

Rætt um að fá borgaða styrki ÍSÍ c.a 600.000 + 300.000 fyrir landsliðið og Meisam. Samtals 900.000 kr.

Fundi slitið kl. 20.30

Fundargerð ritar Hlynur Örn G.